

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjavík

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

84. fundur Stjórnar BS bs. haldinn föstudaginn 31. maí 2024 kl. 16:00 í fundarsal BS
að Flugvöllum 33, 230 Reykjavík

Mætt eru:

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Trausti Arngrímsson, Magnús S Magnússon ,
Birgir Örn Ólafsson og Helga Jóhanna Oddsdóttir.

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- Ráðning slökkviliðsstjóra.

Ferli verkefnisins

Starf slökkviliðsstjóra var auglýst 3. maí á Alfreð, heimasiðu Vinnvinn, Víkurfréttum og í Atvinnublaði Morgunblaðsins. Umsóknarfrestur var til og með 12. maí 2024.

Alls bárust fjórar umsóknir um starfið.

Ráðningarferlið skiptist í þrjá hluta, mat umsókna, staðlað viðtal og framhaldsviðtal þar sem fyrir var lagt raunhæft verkefni. Fyrsta matið byggði á fjórum viðmiðum sem hægt var að meta á grundvelli skriflegra gagna umsækjenda.

Framsetning viðtala

Fyrsta matið var unnið á grundvelli hinna skriflegu umsókna. Það önnuðust fulltrúar stjórnar BS í samvinnu við ráðgjafa. Að lokinni umfjöllun um hæfni einstakra umsækjenda var ákvörðun tekin um að allir umsækjendur uppfylltu hlutlægar hæfniskröfur og var þeim boðið til viðtals.

Annað mat fólst í ítarlegum viðtölum sem voru sérsniðin með tilliti til starfsins og endurspegluðu hæfniskröfur í auglýsingu. Þá er bætt við huglægum viðmiðum sem ekki koma fram í skriflegum umsóknargögnum. Allir umsækjendur fengu sömu spurningar og var hver spurning tengd við minnst eitt viðmið eða hæfniskröfu í auglýsingu.

Þriðja mat fólst í raunhæfu verkefni og kynningu á því. Við mat á umsækjendum í þessum þætti ferlisins var einkum horft til innihalda og framsetningar á verkefninu og kynningunni og hæfni umsækjenda metin út frá því.

68

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Nýr slökkviliðsstjóri

Ákvörðun á ráðningunni var byggð á heildstæðu mati á því að viðkomandi uppfyllti þær hæfniskröfur sem komu fram í auglýsingum um starfið, menntun, reynslu og mati á færni og öðrum eiginleikum, sem einnig voru þar tilgreindir, frammistöðu hans í viðtölum og úrlausn og kynningu hans á raunhæfu verkefni sem lagt var fram.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið var það ákvörðun stjórnar Brunavarna Suðurnesja að ráða Eyþór Rúnar Þórarinsson til starfa sem slökkviliðsstjóra. Grundvallaðist sú afstaða á því mati stjórnar að hann hafi verið hæfasti umsækjandinn um framangreint starf.

- Eyþór hefur unnið hjá Brunavörnum Suðurnesja í 25 ár og hefur þekkingu, skilning og reynslu á bæði brunamálum og sjúkraflutningum.
- Eyþór Rúnar hefur reynslu af rekstri og áætlanagerð m.a. sem þjálfunarstjóri þar sem hann hélt utan um þjálfunaráætlun og kostnaðaráætlun henni tengdrí.
- Þá hefur hann komið að greinargerðum og kostnaðaráætlunum tengdum m.a. eldsumbrotum.
- Hann hefur reynslu af því að starfa í kröfuhörðu umhverfi og hefur sýnt fram á hæfni til að taka ákvarðanir undir álagi.
- Eyþór Rúnar hefur reynslu af því að sinna öryggis- og heilsuverndarmálum á vinnustað.
- Eyþór Rúnar er löggiltur slökkviliðsmaður frá 2001, menntaður í slökkviliðsfræðum, er með kennsluréttindi frá Sjúkraflutningaskólanum, er leiðbeinandi frá Rauða Krossinum, hefur þjálfar og kennt sjúkraflutningafólki auk slökkviliðsfólks innan BS og hjá öðrum liðum.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja

Fundi slitið kl. 17:00

The image shows five handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1) "Granski Ólafur" in cursive script. 2) "Þórarinsson" in a bold, sans-serif font. 3) "Guðný Þóðórsdóttir" in cursive script. 4) "Ásgrímur Ólafsson" in a stylized, bold font. 5) "Hilga Jón Oddsdóttir" in cursive script.